



Foreldrakaffi

Einstaka sinnum yfir veturinn er foreldrum boðið að koma við í morgunkaffi eða síðdegishressingu á deild barnsins. Þá gefst foreldrum tækifæri til þess að stoppa við þegar komið er með barnið í leikskólann, eiga með því gæðastund og hitta foreldra annarra barna. Einnig er þetta kjörið tækifæri til þess að spjalla við starfsfólk deildarinnar.





Leikfangadagur

Leikfangadagur er dagur þar sem börnum er boðið að koma með leikfang með sér í skólann. Ekki er í boði að koma með leikföng sem líkjast vopni og er aðeins leyflegt að koma með eitt leikfang á barn. Það getur komið fyrir að leikfang skemmist í leikskólanum og getur skólinn eða starfsfólk ekki borið ábyrgð á slíku. Þessir dagar geta átt sér stað nokkrum sinnum yfir veturinn og eru þeir auglýstir á deild barnsins á hurð, upplýsingatöflu eða í tölvupósti. Ekki er æskilegt að börn komi með leikföng í skólann nema það sé fyrirfram ákveðinn leikfangadagur.





Undirbúningur jóla



Piparkökukaffi er viðburður sem haldinn er í kringum mánaðarmótin nóvember/desember. Þá er foreldrum og systkinum barnsins boðið að koma í leikskólann og borða piparkökur sem barnið hefur bakað. Þá er einnig boðið upp á að föndra jólaskraut.

Jólaball skólans er haldið í kringum miðjan desember þar sem allir koma saman í sal, syngja jólalög og dansa í kringum jóla-tréð. Á jólaballið kemur til okkar jólasveinn sem skemmtir börnum og fullorðnum.

Boðið er upp á jólaleikrit í sal á hverju skólaári. Börnin koma saman í salnum og horfa á leiksýningu og eiga skemmtilega stund saman. Ekki er ætlast til að foreldrar taki þátt í þessum viðburði.





Þorrablót

Þorrinn hefst á bóndadegi í janúar og stendur hann fram að Góu, fimmta og næstsíðasta mánuð vetrar sem er eftir gömlu íslensku tímatali. Í Grænuborg er haldið þorrablót í salnum þar sem börn og kennarar koma saman, syngja þorralög og smakka þorramat.

Ó, hangikjöt

Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt,
og rófustappa, grænar baunir, súrhvalur!
Ó hangikjöt, ó, hangikjöt,
og sviðasulta, hrútspungar og harðfiskur!



Og hákarl, og flatbrauð!

Mér finnst svo gott að borða allan þennan mat!

Og hákarl, og flatbrauð!

Mér finnst svo gott að borða allan þennan mat!



Lag/Texti: Þjóðlag frá Ísrael/
Guðlaugu Kristjánsdóttir



Bolludagur - sprengidagur - öskudagur

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru haldnir hátíðlegir samkvæmt hefðum í Grænuborg. Á bolludag fáum við bollur í hádegismat og rjómaþellur í síðdegishressingunni. Á sprengidag er saltkjöt og baunasúpa í hádegismat og þá borðum við eins mikið og við getum eða þar til við „springum“. Á öskudag er furðufataball í salnum þar sem öll börnin í skólanum koma saman, dansa og slá köttinn (ekki alvöru köttur) úr tunnunni (í tunnunni er snakk í poka) og þegar búið er að gera gat á tunnuna fá allir sem vilja snakk.

[Hér](#) er hægt að nálgast upplýsingar um þessa daga á fleiri tungumálum.





Opið hús

Einu sinni á ári, á vorin, er skólinn opinn fyrir fjölskyldur barna í skólanum þar sem hægt er að kynnst starfinu í skólanum ásamt því að koma saman, kynnst, spjalla og eiga skemmtilega stund með börnum, foreldrum og kennurum. Opið hús er yfirleitt haldið í lok skóladags eða frá kl. 15:00-16:00.






Sveitaferð



Stefnt er að því að fara í sveitina á hverju vori og er ferðin skipulögð með stjórn foreldrafélagsins. Farið er í ferðina með rútu á sveitabæ rétt fyrir utan Reykjavík þar sem dýrin á bænum eru skoðuð og við njótum þess að vera saman í náttúrunni. Boðið er upp á pylsur með öllu, kex og ávexti í eftirrétt.

Foreldrum og systkinum stendur til boða að koma með í ferðina en allir gestir umfram einn fylgdarmann þurfa að greiða aðgangseyri í sveitina, rútugjald og fyrir hádegismatinn. Foreldrafélagið og leikskólinn greiða aðgangseyri mat og rútu fyrir leikskólabarnið og einn fylgdarmann. Miðað hefur verið við að leggja af stað upp úr klukkan níu að morgni og koma til baka um klukkan eitt eftir hádegi.

Að sveitaferð lokinni komum við í skólann og klárum daginn þar. Leikskólinn er opinn til 16:30 þennan dag eins og aðra óskerta daga.






Sumarhátíð



Foreldrafélag Grænuborgar stefnir að því á sumarmánuðum að halda sumarhátíð í garði leikskólans með skemmtun og ánægjulegum uppákomum. Foreldrafélagið gefur öllum pýlsur, farið verður í skruðgöngu, sungið saman í brekkunni ásamt því að vera með ýmis önnur skemmtiatriði. Foreldrar og systkini eru velkomin að koma og njóta skemmtunarinnar með börnum og kennurum í leikskólanum.





Hestar í heimsókn

Foreldrafélag Grænuborgar býður stundum upp á að hestar komi í heimsókn í skólann. Þá koma hestar frá Krakkahestum með frábæru og færðu starfsfólki sem leyfir krökkunum að fá hjálm, fara á hestbak og labba hring í garðinum eða bara klappa hestunum ef þau treysta sér ekki á bak. Þetta er stórkostleg upplifun sem gleymist seint.





Sumarfrí



Leikskólinn lokar yfir sumartímann í fjórar vikur. Ákvörðun um hvenær er farið í frí er tekin af leikskólanum í samráði við foreldraráð ár hvert og er sú tímasetning auglýst á hverri deild fyrir sig bæði í fataklefa deildar og í tölvupósti þegar nær dregur sumri. Einnig eru upplýsingarnar settar inn í Völuna.





Útskrift elstu barna



Í lok ágúst er haldin útskrift fyrir elstu börnin þar sem þau eru að ljúka fyrsta skólastiginu og eru að fara upp á næsta skólastig.

Börnin bjóða fjölskyldum sínum að koma og horfa á þau syngja og taka við útskriftarskjali frá skólanum og njóta veitinga. Allir koma með einhverjar veitingar með sér sem deilt er með öllum. Þetta er kallað Pálínuboð (potluck party).

Þetta er síðasti dagurinn þeirra í skólanum.

